



Gildissvið

Jafnlaunastefna Þjóðleikhússins sem er jafnframt launastefna þess, nær til allra starfsmanna þess og byggir á jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins (ST002). Starfsmaður er sá/sú sem þiggur laun vegna starfa fyrir Þjóðleikhúsið. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð.

Tilgangur

Tilgangur Þjóðleikhússins með jafnréttisáætlun er að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla innan stofnunarinnar.

Markmið

Markmiðið er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundinn mismunur eigi sér stað. Með jafnréttisáætluninni skuldbinda stjórnendur og aðrir starfsmenn sig jafnframt til þess að tryggja að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs og stöðu að öðru leiti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum allra.

Jafnlaunastefnan kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Þjóðleikhússins þau réttindi sem kveðið er á um í 19. grein jafnréttislaga nr. 10/2008 og í 9. grein laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Þjóðleikhúsið greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjar- og stofnanasamninga og jafnlaunastefnu, studdar rökum og tryggi að jöfn laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Þjóðleikhússins og tryggja launajafnrétti skuldbindur stofnunin sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæmda árlega innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórn að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum leikhússins.
- Tryggja að jafnréttisáætlun sem inniheldur jafnlaunastefnu sé aðgengileg á ytri vef Þjóðleikhússins.